

Mál nr. 389/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Eignatryggingar lausafjár

Vatn lak inn á vöurlager og olli tjóni á honum þ. 7-9. júlí 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.9.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 24.9.2012 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M segir að vatn hafi lekið inn á lager M og valdið tjóni á honum. M segir að vatn lak úr rennu sem staðsett er innan húsnæðisins sem liggur í stokk niður úr þaki hússins þar sem regnvatn safnast fyrir. M byggir á því að lekinn hafi komið úr rennu inni í húsnæðinu og því bótaskylda V fyrir hendi. V hafnar bótaskyldu og telur tjónið undanskilið í tryggingarskilmálum. V byggir á því að vatn sem hafi átt upptök sín utandyra hafi valdið tjóninu og undanskilin áhætta sé m.a. vegna skemmda af völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum.

Álit.

Tjón það sem um ræðir er undanskilið í vátryggingarskilmálum þar sem beinlínis er tekið fram að vátryggingin taki ekki til skemmda af völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. M á því ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr eignatryggingu lausafjár hjá V.

Reykjavík 16.10. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.